

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um sölu á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. til almennings.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Kemur til greina, í ljósi þess áhuga sem almenningur hefur sýnt á kaupum á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf., að breyta skilmálum fyrir sölunni þannig að almenningur eigi strax kost á að kaupa hlutabréf?
2. Er ekki eðlilegt að mati ráðherra að almenningur sem eigandi Símans hafi strax rétt á að kaupa hlutabréf og hver er skýringin á því að þeir fjárfestar sem eignast fyrirtækið þurfi ekki að selja til almennings fyrr en í árslok 2007?